

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blönduóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:	Kr.
a) Fastagjald á mánuði	612,40
fyrir hverja byrjaða 5 mín.líttra.	
b) Vatnsgjald	1 225,00
á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarks stillingu hemils.	
c. Vatnsgjald um rennslismæli	65,34
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1,00/1,0
B	0,95/1,3
C	0,90/1,7
D	0,85/2,8

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiddast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimðargjald
Allt að 300 m ³	77 499,00 kr.
300– 2 000 m ³	77 499,00 kr. fyrir 300 m ³ og 71,06 kr/m ³ þar yfir
2 000– 6 000 m ³	198 562,00 kr. fyrir 2 000 m ³ og 56,59 kr/m ³ þar yfir
6 000–10 000 m ³	424 775,00 kr. fyrir 6 000 m ³ og 46,12 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	609 095,00 kr. fyrir 10 000 m ³ og 39,85 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismáli umfram einn á sama inntaki er kr. 8 379,00.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulítra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 1 225,00

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 2. mars 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 69, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 379, 26. júlí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils kr. 617,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.